

## **SORPHIRÐA Í ÞINGEYJARSVEIT - GJALDSKRÁ 2017**

### **1. gr.**

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

### **2. gr.**

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir:	45.000 - kr.
Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun:	22.500 - kr.

Gjaldið er innheimt jafnhliða fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu og þeirra. Gjalddagar eru átta: 1. feb., 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4m<sup>3</sup> af úrgangi), heimili 8.300 – kr.

ATK! Eitt ókeypis kort fylgir hverju heimili einu sinni á ári.

### **Gjöld rekstraraðila:**

Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kr. eða 1,5 m<sup>3</sup> skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 3.900 og í urðunargjald kr. 4.400 eða samtals kr. 8.300

Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals í móttöku- og flutningsgjald 39 kr. og 44 kr. í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m<sup>3</sup> umfram 1,5 m<sup>3</sup> bætist við 3.900 kr. fyrir móttöku- og flutningsgjald og 4.400 kr. í urðunargjald.

Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarðar, heyrúlluplast, ýmis spilliefni úrelt ökutæki.

### **3. gr.**

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar 15.12.2016 og öðlast gildi við birtingu og kemur til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 2017. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit.

*Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 15.12.2016.*